



EBK ehf.
Fálkavellir 8
235 Keflavíkurflugvöllur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 20. júlí 2020
Tilv.: UMH20060090/8.14

Við er til erindis yðar frá 13. júní sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi vegna stækkunar á olíubirgðastöð EBK ehf. á Keflavíkurflugvelli, sem Umhverfisstofnun framsendi ráðuneytinu með tölvupósti 15. júní sl. Í erindinu kemur fram að í upphafi árs 2018 hafi hafist stækkun olíubirgðastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli um einn tank, sem rúmi 3.800 m³ og sé standsetningu tanksins nær lokið og komið að lokaprófunum á eiginleikum tanksins og lagnanna sem tengi hann við stöðina. Tankurinn sé byggður samkvæmt stöðlum og bestu mögulegu aðferðum sem þekkjast í birgðageymslu eldsneytis fyrir flugvélar. Því fylgi að áhættugreiningar hafi átt sér stað fyrir byggingu tanksins í heild ásamt áhættumati fyrir verkþætti sem falli undir áhættusamar aðgerðir. Tankurinn standi í þró sem rúmi 110% af magni stærsta tanksins, olíuskilja hafi verið stækkuð í takt við þörf um aukið magn og lokar milli tanka séu rafstýrðir til að minnka líkur á óhöppum við áfyllingu tanka. Sjálfvirk yfiráfyllingarviðvörðunarkerfi séu á tveimur stöðum í tanknum, líkt og öllum tönkum stöðvarinnar, sem slái út dælum og stöðvi flæði til tanksins til að hindra yfirfyllingu. Breytingar á stöðinni samhliða stækkun tanksins miði að því að gera starfsemina „umhverfisbetri“ og afgangseldsneyti vegna gæðaprófana verði dælt aftur inn á tanka í stað þess að taka úr stöðinni og nota til íblöndunar í skipaolíu. Nýjar lagnir hafi verið þrýstiprófaðar og tankurinn hafi verið fylltur af vatni til lekaprófunar. Núverandi starfsleyfi sé útgefið af Heilbrigðisnefnd Suðurnesja og til standi að færa starfsleyfið yfir til Umhverfisstofnunar. Óski EBK ehf. eftir undanþágu frá starfsleyfi til þess að klára prófanir á tanknum sem feli í sér að fylla tankinn og lagnir hans af eldsneyti til þess að tryggja að tankurinn viðhaldi eiginleikum eldsneytisins líkt og krafa sé um í alþjóðlegum stöðlum um olíubirgðageymslur eldsneytis fyrir flugvélar, ásamt því að geta starfrækt tankinn á meðan umsóknarferli um breytingu á starfsleyfi sé í gangi.

Með bréfi dags. 8. júlí sl. sendir ráðuneytið EBK ehf. bréf þar sem fram kemur að í ljósi þess að skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfi séu ekki uppfyllt, þar sem hvorki liggi fyrir fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun né mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, áformi ráðuneytið að hafna beiðni um undanþágu frá starfsleyfi. EBK ehf. andmælir þessum áformum með bréfi, dags. 9. júlí sl.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum nr. 66/2020 er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 1. júlí 2020, kemur fram að EBK ehf. sendi hinn 29. júlí 2019 umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem sótt sé um stækkun á stöðinni þar sem fyrirhugað er að bæta 3.800.000 ltr. birgðatanki við starfsemi EBK ehf. sem sé töluverð aukning frá núgildandi starfsleyfi. Umsóknin sé til skoðunar hjá stofnuninni og hafi bréf verið sent þann 1. júlí 2020 þar sem móttaka umsóknarinnar sé staðfest. Þar sem um umfangsmikla starfsemi sé að ræða þá muni yfirferð umsóknarinnar taka tíma til að tryggja að farið sé eftir lögum og reglugerðum. Umsókninni fylgdi ekki grunnástandsskýrsla, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, og samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun liggi ekki fyrir niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Umhverfisstofnun telji því skilyrðunum fyrir veitingu undanþágu ekki uppfyllt þar sem hvorki fullnægjandi starfsleyfisumsókn liggi fyrir né niðurstaða um matskyldu starfseminnar eða mat á umhverfisáhrifum, eigi það við. Umhverfisstofnun geti því ekki mælt með að undanþága verði veitt frá kröfu um starfsleyfi skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Þegar framangreind andmæli bárust ráðuneytinu var óskað umsagnar Umhverfisstofnunar við þeim. Í seinni umsögn stofnunarinnar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 15. júlí sl., kemur fram að með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, hafi starfsleyfið sem hér um ræðir færst frá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja yfir til Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hafi ekki haft upplýsingar um það hvort umsókn hafi verið metin fullnægjandi þannig að hún geti lagt mat á hvort skilyrðunum sé uppfyllt. Í andmælum sínum mótmæli EBK ehf. að það eigi að skila inn grunnástandsskýrslu. Samkvæmt e. lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 skuli rekstraraðili eftir atvikum að láta fylgja grunnástandsskýrslu með umsókn um starfsleyfi í samræmi við 2. mgr. 15. reglugerðarinnar. Í 15. gr. segi að starfsemi sem falli undir I. og IX. viðauka beri að skila grunnástandsskýrslu og starfsemi EBK ehf. falli undir IX. viðauka við reglugerðina. Í orðsendingu framkvæmdarstjórnar ESB um grunnástandsskýrslu undir 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, sem innleidd er í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 séu veittar nánari leiðbeiningar um grunnástandsskýrslu þar sem jafnframt komi fram að fara þurfi í gegnum nokkur skref til þess ganga úr skugga um hvort rekstraraðili eigi að skila skýrslu og það skuli vera rökstutt sérstaklega. Eins og EBK ehf. bendi á þá skuli rekstraraðili taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand áður en starfsemin hefjist eða áður en starfsleyfi starfseminnar sé uppfært. Umhverfisstofnun telji að með útgáfu nýs starfsleyfis sé í raun verið að uppfæra starfsleyfi en að öðru leyti sé ekkert sem kallist „uppfærsla starfsleyfis“ heldur eingöngu breyting eða nýtt starfsleyfi. Því sé það afstaða Umhverfisstofnunar að EBK ehf. sé skylt að skila grunnástandsskýrslu, sbr. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og 16. gr. laga nr. 7/1998. Þá er það fortakslaust skilyrði fyrir því að umsókn EBK ehf. sé metin fullnægjandi að rekstraraðili hafi tekið saman og lagt fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand eða rökstuðning um að það eigi ekki að skila grunnástandsskýrslu, sbr. e. liður 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Með bréfi dags. 14. júlí sl. hafi Umhverfisstofnun staðfest að umsókn EBK ehf. um starfsleyfi væri fullnægjandi. Þá hafi stofnunin sama dag borist niðurstaða skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um matskyldu í þá veru að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun geri því ekki athugasemd við að tímabundin undanþága verði veitt í þessu tilviki á meðan vinnsla starfsleyfis fari fram þar sem skilyrði fyrir undanþágu frá starfsleyfinu séu uppfyllt.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 22. júní 2020, kemur fram að nefndin geri ekki athugasemdir við áform EBK ehf. vegna lokaprófunar á eiginleikum tanksins né til að starfrækja tankinn á meðan umsókn um breytingu á starfsleyfi sé í

vinnslu.

Í ljósi þess að fullnægjandi starfsleyfisumsókn liggur fyrir og framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum og framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita olíubirgðastöð Eldsneytisbirgðarstöðvarinnar á Keflavíkflugvelli EBK ehf., kt. 4604060210, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að klára prófanir á tanki sem rúmar 3.800 m³ að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði gildandi starfsleyfi fyrir EBK ehf., Fuel East í Reykjanesbæ kt. 660695-2036, sem gefið var út af Heilbrigðisnefnd Suðurnesja 13. janúar 2014, og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Vakin er athygli á því að undanþágan nær einungis til undanþágu frá starfsleyfi, önnur tilskilin leyfi þurfa að vera til staðar. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 15. september 2020.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Hafsteinn Pálsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja